

## Yngsta stig

**Umsjónarkennarar:** Kristín Gísladóttir og Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

**Stuðningsfulltrúar:** Ásta Björg Nathanaelsdóttir og Hrönn Brandsdóttir

### Heimasvæði: Regnbogaland

#### Skipulag í 1. - 4.bekk

Samkennsla er á yngsta stigi og notaðar eru kennarastýrðar vinnustöðvar og sambætting námsgreina til að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Leitast er við að efla rökhusun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit.

Á vinnustöðvum er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur vinna í hópum og verkefni þeirra eru einstaklingsmiðuð. Við leggjum einnig mikla áherslu á að efla sjálfsmýnd barnanna með jákvæðni, hvatningu og hrósi að leiðarljósi. Boðið er upp á val nokkrum sinnum í viku, sem byggt er á hugmyndum nemenda. Þar fá þeir tækifæri til að æfa samskipti og félagsfærni bæði í leik og starfi.

## Íslenska

Kennrar: Andrea Sif, Kristín, Hrönn og Ásta Björg

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-19>

**Helstu viðfangsefni** - Unnið er í lotum og viðfangsefni eru sambætt við aðrar námsgreinar.

**Námsgögn** - Kennrar velja texta og verkefni af veraldarvefnum, úr námsbókum sem henta getu hvers og eins, og önnur verkefni eru búin til af kennurum.

**Kennsluhættir/Kennslufyrirkomulag** - Samkennsla er í 1. - 4. bekk og kennsla fer fram í litlum hópum og á vinnustöðvum. Lögð áhersla á heildstæða nálgun í móðurmálskennslu sem nær til allra þátta móðurmálsins. Leitast verður við að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta og grunnþættir menntunar, læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, jafnrétti, sköpun, lýðræði og mannréttindi, hafðir að leiðarljósi. Unnið er með tal, hlustun,lestur, framsögn og ritun í einni heild. Samvirkar aðferðir eins og Byrjentalæsi eru notaðar í íslenskukennslu. Merkingar bærir textar eru lesnir fyrir nemendur og rætt við þá um efnið. Samhliða lestrinum á sér stað greining á textanum, hljóðvitund, stafa- og hljóðaþekking, málfræði, skoðun á orðum og ritun. Þá er textinn einnig skoðaður sem heild og merking hans rædd. Þar sem þörf er á fá nemendur æfingar og einstaklingsþjálfun. Íslenska er kennd í sambættingu við aðrar námsgreinar alla daga.

**Námsmat** - Lesferill: stafaþekking, lesfimi og nefnuhraði (haustönn-miðönn-vorönn), skrifleg umsögn við lok haustannar og vorannar, leiðsagnarmat þar sem nemendur vinna ýmis verkefni og safna í möppu því besta sem þeir hafa unnið á hverri önn og fara með heim í lok skólaárs. Að öðru leyti verður stuðst við sjálfsmat, kannanir og frammistöðu nemenda í kennslustundum. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

## Stærðfræði

Kennarar: Andrea Sif, Kristín, Hrönn og Ásta Björg.

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

**Helstu viðfangsefni** - Áhersla lögð á samlagningu, frádrátt, margföldun, form, gerð kannana og súlurita, tímatalshugtök, mælingu, klukkuna og tugakerfið.

**Námsgögn** – Nemendabók 3a og 3b í Sprotabókaflokknum. Gagnvirkar og verklegar æfingar, leikir og spil.

**Kennsluhættir** - Unnið er á vinnustöðvum eftir einstaklingsmiðaðri áætlun og innlagnir og þjálfun miðar því við stöðu hvers og eins. Einnig er notað samvinnunám, paravinna og hópavinna þegar unnið er að dýpka skilning á ákveðnum viðfangsefnum og aðferðum. Samræður og samvinna spila einnig veigamikið hlutverk í námi barnanna.

**Kennslufyrirkomulag** - Stærðfræði er kennd 5 sinnum í viku og samkennsla er í 1. - 4.bekk.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat og sjálfsmat. Verkefnum nemenda safnað saman og sett saman í verkefnabók við lok annar. Litlar kannanir til að athuga stöðu nemenda og laga til áherslur.

## Náttúru- og samfélagsfræði

Kennarar: Andrea Sif, Kristín, Hrönn og Ásta Björg.

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá Grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-22>

**Helstu viðfangsefni** - Náttúra Íslands, lífskilyrði manna, umhverfið og samskipti.

**Námsgögn** - Komdu og skoðaðu bækurnar, Halló heimur 1-3, Tilraunir í náttúrufræði, veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

**Kennsluhættir** - Innlagnir og umræður, stöðvavinna þar sem nemendur fá fjölbreytt verkefni sem tengjast efni hverrar lotu. Nemendur vinna í þórum og hópum eru ríkjandi aðferðir. Viðfangsefnin eru unnin í lotum sampætt öðrum námsgreinum líkt og íslensku.

**Kennslufyrirkomulag** - Náttúrufræði/samfélagsfræði sampætt við íslensku alla daga vikunnar, 40-80 mínútur í senn.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat: Nemendur vinna ýmis verkefni og safna í möppu því besta sem þeir hafa gert á hvorri önn og fara með heim í lok skólaárs. Skrifleg umsögn við lok haustannar og vorannar.

## Enska

Kennari: Karen Kristjana Ernstsdsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 1. stigs.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-20>. Að nemendur:

- Auðgi orðaforða sinn er tengist þeim sjálfum, fjölskyldu, áhugamálum, nánasta umhverfi þeirra og reynsluheimi.
- Þjálfist í því að spryja og svara á einfaldan hátt, því sem stendur honum næst.
- Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Þjálfist í að hlusta á ensku og öðlist skilning á megininntaki í frásögnum á ensku.
- Geti lesið og skrifað einföld orð og setningar.

**Helstu viðfangsefni** - Orðheimur úr umhverfi nemenda, svo sem, litir, tölur, dýrin, fjölskyldan, föt, veður, heimilið og matur.

**Námsgögn** - Yes we can 3 nemendabók, Yew we can 4 nemendabók og efni af Yes we can vefnum. Enskar smásögur, myndbönd og gagnvirktn efni, útprentað námsefni, spil, leikir og söngvar.

**Kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir** - Unnið verður með ákveðin þemu eftir köflum bókanna Yes we can 3 og Yes we can 4. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað tungumálið á einfaldan hátt. Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsnám, para- og hópavinna.

Enska er kennd einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. 3. og 4. bekk er kennt saman.

**Námsmat** - Námsmat verður unnið út frá hæfniviðmiðum í aðalnámskrá. Tekið verður mið af vinnusemi, áhuga og verkefnum nemenda.

## Myndmennt

Kennari: Helena Steinþórssdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Leitast er við að nemandi geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmund. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleika hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

**Námsgögn** - Verkefni úr bókinni "Ég sé með teikningu" og unnið með hugmyndir af netinu.

**Námsmat** - Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, virkni, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og snyrtilegan frágang.

**Kennsluhættir** - Verkefni er kynnt fyrir nemendum og miðlar sem unnið er með. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og nemendur vinna verkefni út frá sinni getu og hugmyndum. Stutt er við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

**Kennslufyrirkomulag** - 3. og 4. bekk er kennt saman í tveimur blönduðum hópum, hvor hópur fær 40-50 mínútna tíma á viku.

## Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur smíða hlut úr efni úr skóginum í Þjórsárdal. Einnig verða unnin verkefni úr ýmsum öðrum efnum þar sem nýsköpunarkennsla fléttast inn. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í læsi og geti unnið út frá teikningum og að nemendur læri að velja rétt verkfæri hverju sinni.

**Námsgögn** - Smíði eftir Árna Árnason, Búa Kristjánsson og Ólaf Ólafsson, ljósrit frá kennara og veraldarvefurinn.

**Kennsluhættir** - Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til einstaklingsins. Nemendur eru hvattir til að sýna frumkvæði og vera sjálfstæðir í vinnubrögðum.

**Kennslufyrirkomulag** - Bekkurinn fær kennslu einu sinni í viku og er kennslustundin 40 mín.

**Námsmat** - Þættir eins og hæfni í notkun áhalda, frágangi og vandvirkni eru metnir.

## Textíll

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur læra að setja fram og vinna eftir eigin hugmyndum, að tileinka sér helstu hugtök greinarinnar og þekkja áhöld hennar, að beita skerum og þjálfast í því að klippa efni og garn, vinni með íslensku ullina, að þræða nál og sauma einföld útsaumsspor.

**Kennsluaðferðir** - Bein kennsla og sýnikennsla.

Kennslufyrirkomulag - Á stundarskrá eru tvær kennslustundir í viku, hluta af haustönn og hluta af vorönn.

**Námsmat** - Við námsmat að loknum vetri verður tekið mið af vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður hvert verkefni metið, með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

## **Heimilisfræði**

Kennari: Sophie Susanna Dobernigg

**Markmið** - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-21>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur vinna eftir einföldum uppskriftum, læra um heilbrigða lífshætti og neysluvenjur og umhverfisvernd.

**Námsgögn** - Námsefnið Heimilisfræði 3 og veraldarvefurinn.

**Kennsluhættir** - Verklegar æfingar og umræður.

**Kennslufyrirkomulag** - Bekkurinn fær kennslu einu sinni í viku og er kennslustundin 40 mín.

**Námsmat** - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Sjálfstæði og samvinna ásamt virkni eru þættir sem áhersla er lögð á.

## **Útikenna**

Kennari: Lilja Loftsdóttir

**Markmið** - Markmið útináms er að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útvistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

**Helstu viðfangsefni** - Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem, samskipti og félagsfærni.

**Kennsluhættir og kennsluaðferðir** - Kennsla fer að mestu leyti fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eða sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

**Námsmat** - Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

## Skólaíþróttir

Kennari: Halla Rúnarsdóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-23>

**Helstu viðfangsefni** - Farið verður í undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni, sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

**Námsgögn** - Unnið er með þau íþróttahöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

**Kennslufyrirkomulag** - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 80mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori.

**Námsmat** - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-23>

**Helstu viðfangsefni** - Börnin fá verkefni við hæfi ma. í vatnsaðlögun, hreyfinámi, og stigbundinni sundkennslu. Lögð er áhersla á grunnhreyfingar sundtaka í skriðsundi, bringusundi, skólabaksundi og baksundi. Nemendur sem ljúka 4.bekk þurfa að hafa öðlast nokkra kunnáttu í sundaðferðunum og geta bjargað sér á sundi þar sem þeim er heimilt að fara í sund án fylgdarmanns eftir 1.júní það ár.

**Námsgögn** - Unnið er með þau áhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni.

**Kennsluhættir** - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins en oft til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvabjálfun og hringþbjálfun, hvort sem er með eða án áhalda.

**Kennslu fyrirkomulag** - Kennt er í blönduðum aldurshópum þar sem börn úr 3. - 4. bekk eru saman í hóp. Kennt er 40 mínútur í senn, 1x í viku. Kennslan fer fram í Neslaug.

**Námsmat** - Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

## Jóga

Kennari: Sigríður Garðarsdóttir

**Markmið** - að nemendur:

- Þekki mismunandi tegundir af jóga
- Þekki og tileinki sér öndunaræfingar
- Þekki helstu jógastöðurnar
- Taki virkan þátt í æfingum
- Þekki hugleiðslu og af hverju við notum hana
- Beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

**Kennslufyrirkomulag** - Nemendur í 1.-4. bekk eru í jógatínum einu sinni í viku allt skólaárið, 40 mínútur í senn.

**Kennsluhættir** - eru fjölbreyttir og lögð er áhersla á það að skapa umhverfi þar sem börnunum líður vel og tileinki sér hugleiðslu og slökun. Kennslan fer aðallega fram inni en ef veður leyfir þá förum við út og notum náttúruna og umhverfið.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat. Umsögn frá kennurum við lok hverrar annar.

## Lífsleikni

Kennrarar: Andrea Sif, Kristín, Hrönn og Ásta Björg

**Markmið** -

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum.
- Að nemendur þroski með sér samkennd með öðrum.

**Námsgögn** - ART, Olweus og efni af veraldarvefnum útfærð af kennurum.

**Kennslufyrirkomulag** - Í Regnbogalandi er á hverjum degi lögð áhersla á virðingu og jákvæð samskipti. Í upphafi skólaársins gera nemendur samskiptareglur sem þeir samþykkja með fingrafari sínu. Nemendur fá tækifæri og aðstoð til að mynda vinatengsl og taka tillit til annara. Lífsleikni er samþætt við aðrar námsgreinar á vinnustöðvum og unnið verður verkefni um vináttu sem tengt verður 8. nóvember - Degi gegn einelti. Eineltishringurinn verður notaður til þess að fræða og leiðbeina nemendum í samskiptum. Áhersla er lögð á rödd nemandans, tekin eru viðtölvið nemendur, lögð fyrir tengslakönnun og þeir fá daglega tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og tilfinningum á framfæri.

Áhersla er lögð á að skapa notalegt andrúmsloft í Regnbogalandi, nemendum líði vel, séu öruggir og finnist þeir tilheyra góðu samfélagi sem einkennist af virðingu og vináttu.

**Námsmat** - Leiðsagnarmat. Umsögn frá kennurum við lok hverrar annar.

## Upplýsingatækni

Kennarar: Andrea Sif, Kristín, Hrönn og Ásta Björg

**Markmið** - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-26>

**Helstu viðfangsefni** - Nemendur læri grunnumgengni við tölvur t.d. frágang, skrá sig inn eftir lykilordi o.fl., kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir, læri að nýta sér tölvur við ritun og byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

**Kennsluhættir og kennslufyrirkomulag** - Notaðar eru bæði fartölvur og spjaldtölvur. Unnið er í lotum og viðfangsefni eru samþætt við aðrar námsgreinar í 1.-4. bekk.

**Námsmat** – Leiðsagnarmat og umsögn frá kennurum í lok annar.